

## FLOKKSSTJÓRNARFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR 16. MARS 2019

### Tillaga til ályktunar

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar fagnar 25 ára afmæli samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, sem var mikið heillaskref fyrir Íslendinga.

Ekki er aðeins um að ræða hin ótvíræðu efnahagslegu áhrif af því að vera fullur þátttakandi í innri markaði Evrópusambandsins, heldur njóta Íslendingar í krafti samningsins fullra réttinda sem Evrópubúar á heimasvæði 500 milljóna manna.

Þau áhrif sem þetta hefur haft á tækifæri Íslendinga til menntunar, búsetu, þátttöku í rannsókn- og þróunarstarfi auk viðskipta og samskipta eru án nokkurar samjöfnunar í sögu landsins.

Íslendingar urðu fyrir tilstilli sambandsins að fullgildri Evrópubjóð og hafa þannig varðveitt og styrkt stöðu sína sem farsælt velferðarsamfélag í miklum tengslum við umheiminn. Vissulega gefur samningurinn Íslendingum ekki færi á að hafa umtalsverð áhrif á stofnanir, löggjöf og þróun Evrópusambandsins. Slíkt fæst ekki nema með fullri aðild að Evrópusambandinu. Í ljósi hinnar góðu reynslu af samstarfinu innan EES telur Samfylkingin að mikilvægt sé að það skref sé stigið sem fyrst svo Íslendingar öðlist áhrif á þróun evrópsks samfélags til jafns við þorra annarra Evrópubúa.

Flutningsmenn eru:

Magnús Árni Skjöld

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir